Morgunblaðið

Fasteignir

Föstudagur 25. mars 2022

mbl.is/fasteignir

Ragna Sara Jónsdóttir gerði eldhúsið að hjarta heimilisins

Innlit, viðtöl, flutningar, hönnun og margt fleira.

Ragnar Kristján Guðmundsson hjá Torgi fasteignasölu.

Morgunblaðið/Eggert

Engir tveir dagar eins

Ragnar Kristján Guðmundsson hjá Torgi fasteignasölu segir að engir tveir dagar séu eins í starfi sínu sem fasteignasali. Hann segir markaðinn afar lifandi um þessar mundir þar sem seljendur ráði svolítið ferðinni.

María Margrét Jóhannsdóttir | mariamargret@mbl.is

Ragnar starfaði áður sem flugmaður erlendis áður en hann ákvað að söðla um og gerast fasteignasali. „Ég vildi gera eitthvað nýtt og hafði alltaf haft mikinn áhuga á heimili og hönnun og ákvað því að fara í námið og hlaut löggildingu sem fasteignasali árið 2020.

Starfið er skemmtilegt því það eru í raun engir tveir dagar eins. Kosturinn við starfið er hvað mannlegi þátturinn er ríkjandi. Maður á í stöðugum samskiptum við fólk og þetta er því mjög lifandi og fjölbreytt starf. Ókosturinn er einna helst sá að maður þarf stundum að vinna á öllum tímum sólarhringsins. Hins vegar vegur það upp á móti að maður fær að sama skapi ákveðinn sveigjanleika.“

Sveigjanleikinn mikilvægur

Aðspurður segir Ragnar að fasteignasalar þurfi að búa yfir mikilli samskiptahæfni enda sé starfið þess eðlis að það þarf að sinna fjölbreyttum hópi fólks. „Þá þarf maður að vera mjög skipulagður og sveigjanlegur. Aðstæður á fasteignamarkaðnum eru síbreytilegar og það þarf alltaf að vera á tánum gagnvart því.

Markaðurinn er mjög líflegur og fjölbreyttur en hann hefur þróast í ákveðna átt undanfarin misseri og þá sérstaklega vegna eignaskorts. Þetta er seljendamarkaður í dag vegna þessa skorts á eignum. Kaupendur þurfa að leggja mikið á sig og mæta í fleiri opin hús en að sama skapi öðlast þeir meiri reynslu og ganga markvissar til verks.“

Kaupendur kynni sér eignina vel

Ragnar mælir með því að kaupendur séu mjög skipulagðir í fasteignaviðskiptum. „Kaupendur verða að vita hvað þeir vilja og vita hversu mikið fjármagn þeir hafa til ráðstöfunar og helst vera búnir að fara í bráðabirgðagreiðslumat. Þá þarf að kynna sér eignina vel og vera í þessu af heilum hug til þess að eiga betri möguleika á að fá sitt draumahús. Seljendur þurfa hins vegar að sjá til þess að allt sé snyrtilegt og að teknar séu góðar myndir af eigninni. Heimilið þarf að taka vel á móti þeim sem koma að skoða eignina,“ segir Ragnar.

Ljósmynd/Hafdís Ösp Garðarsdóttir

Hrísmóar 9: 86.900.000 kr.

Gamalt mætir nýju

Við Hrísmóa í Garðabæ er að finna einstaklega fallega innréttaða íbúð. Um er að ræða 148 fermetra vel skiplagða fjögurra herbergja íbúð í húsi sem var byggt árið 1985.

Stofan er sérlega sjarmerandi en þar má sjá einstaklega fallegar tekk-hansahillur sem tóna vel við brúna leðursófa.

StudioVolt aðstoðaði seljendur við að innrétta og hanna íbúðina. Inn af stofunni er herbergi stúkað af með glerhurð í svörtum ramma frá Tig-Suðu. Slíkt er móðins um þessar mundir en með þessari hurð er hægt að búa til einkasvæði án þess að það komi niður á birtunni í rýminu.

Þú getur lesið meira um eignina á fasteignavef mbl.is.

Bleikjulækur 13: 105.000.000 kr.

Fullkomið fjölskylduhús á Selfossi

Í sælunni á Selfossi er að finna hið fullkomna parhús fyrir stóra fjölskyldu. Um er að ræða 202 fermetra hús sem var byggt á síðasta ári.

Eldhúsið er hjarta hússins en þar má finna gullfallega innréttingu úr dökkum við og stóra eyju með graníti.

Sérstaklega var vandað til verks á baðherberginu en þar er að finna frístandandi baðkar sem marga dreymir um að eiga.

Fjögur svefnherbergi eru í húsinu en hjónaherbergið er einstaklega rúmgott og með góðu fataherbergi.

Selfoss er eitt heitasta bæjarfélagið um þessar mundir, enda allt til alls í bænum og gott betur. Þú getur lesið nánar um eignina á fasteignavef mbl.is.

Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur **Umsjón** Marta María Winkel Jónasdóttir **Blaðamenn** Marta María Winkel Jónasdóttir mm@mbl.is, **Elínrós Líndal** elinros@mbl.is, **Sonja Sif Þórólfsdóttir** sonja@mbl.is, **María Margrét Jóhannsdóttir** mariamargret@mbl.is **Auglýsingar** Katrín Theódórsdóttir kata@mbl.is **Prentun** Landsprent ehf.

Forsíðumyndina tók Kristinn Magnússon

VILDARKORT LINDAR:

30% AFSLÁTTUR

HJÁ EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM:

S.HELGASON · Z brautir & gluggatjöld · HÚSGAGNA HÖLLIN · DORMA · Betra BAK · Flügger litir · Parki INTERIORS · VÍDD · HÚSASMIÐJAN

DÆMISÖGUR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Jón og Gunna eru ungt par sem keypti sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þau vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu í búðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki

Þar sem þau voru í viðskiptum við Lind fasteignasölu fékkst **30% afsláttur** af öllu því sem þau vanhagaði um.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
687.368 kr.

Jónína, kona á besta aldri, keypti sér nýja íbúð. Í hana vantaði öll ljós, parket og gardínur og sófinn sem hún átti var of stór þar sem hún var að minnka við sig.

Hún keypti það sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

Þar sem hún var í viðskiptum við Lind fasteignasölu og nýtti sér **vildarkortið,** sparaði hún umtalsverða fjárhæð.

Með vildarkortinu spöruðu hún sér:
458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu sér gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar.

Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endur-nýjuðu tvö baðherbergi ásamt því að sparsla og mála allt húsið. Þau settu granítborðplötur í eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu svo út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í versluninni Betra bak.

Með vildarkortinu spöruðu þau sér:
1.442.500 kr.

Markaðsaðstæður á fasteignamarkaði í dag eru óvenjulegar

Það hafa aldrei verið færri eignir til sölu., sérstaklega þar sem fólk finnur ekki réttu eignina áður en það setur sína eigin á sölu. Það eru nokkrar leiðir færar til að leysa þessi mál sem við getum kynnt fyrir þér.

Settu heimilið þitt á sölu hjá okkur og við finnum nýtt heimili handa þér áður en þú selur.
Við kíkjum í heimsókn, gerum verðmat ásamt lýsingu á eigninni. Jafnframt mætum við með atvinnuljósmyndara og gerum allt klárt. Þegar draumaeignin kemur setjum við allt á fullt og hjálpum þér við kaupin á nýju heimili.

Ef við finnum ekki nýtt heimili, né seljum það gamla, tökum við enga þóknun fyrir.
Skráðu eignina eða fáðu tilboð í þjónustu og lausnir á **www.fastlind.is**

Á Lind fasteignasölu starfa yfir **30 löggiltir fasteignasalar** með áratuga reynslu á öllum aldri, allt **frá 25 ára til 66 ára** og jafnt kynja-hlutfall tryggir það að allir ættu að geta fundið fasteignasala við sitt hæfi.

Húsagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum.
Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum.
Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum.
Flügger: 30% afsláttur af allri innimálningu.
S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum.
Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum.
Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum.
Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum..
Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum.
ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

„Þetta er sennilega með dýrari eldhúsinn–réttingum landsins“

Katla Hreiðarsdóttir hönnuður á von á barni á allra næstu dögum og ætlar að leyfa fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum að fylgjast með heimafæðingunni. Heimili hennar er einstakt og safnar hún skrítnum hlutum í skáp. Nú dreymir hana um að eignast víbrator frá Viktoríutímabilinu og þá er hápunktinum líklega náð, þegar kemur að skápnum.

Elínrós Líndal | elinros@mbl.is

Katla og Haukur Unnar eru flott par.

Það er áhugavert að skyggnast inn í líf Kötlu Hreiðarsdóttur sem er örugglega ein skemmtilegasta kona landsins. Í kringum hana er alltaf mjög mikil stemning. Hún á dásamlegan mann að eigin sögn, Hauk Unnar Þorkelsson, og nú bráðum tvö börn. Talan tveir virðist elta hana, því hún á einnig tvö fyrirtæki, Volcano Design og Systur & maka.

Katla er alltaf smart til fara og svo á hún heimili sem er engu öðru líkt.

„Lífið gengur unaðslega! Ég er með ansi mörg járn í eldinum sem er svo sem ekkert nýtt enda með eigin fatahönnunarmerki, saumastofu þar sem allt er framleitt á Íslandi sem og verslun í Síðumúla. Svo reyndar rek ég líka veislusal og er með sumarbústað til útleigu en helst ber þó að nefna að ég er við það að koma öðru barni okkar hjóna í heiminn, en fyrir eigum við sautján mánaða dreng. Svo það eru spennandi tímar fram undan!“

Þeir sem þekkja Kötlu vita að hún á mjög skemmtilega fjölskyldu.

„Fjölskyldan mín er dásamlega skrítin og skemmtileg, þar sem við erum öll frekar mikið virk og skapandi. Mamma mín, Fríða Ragnarsdóttir, og pabbi, Hreiðar Sigurjónsson, ólu okkur systkinin öll upp í mjög svo lifandi umhverfi þar sem alltaf hefur verið nóg um bras. Bras er því mjög jákvætt í mínum bókum. Svo erum við öll í eigin rekstri og þrífumst eiginlega á því að vesenast og hafa gaman af því! María systir mín er með @kristaketo, matar- og hönnunarrekstur, eldri bróðir minn, Hrólfur, rekur sitt eigið smíðafyrirtæki en Haukur maðurinn minn vinnur einmitt með honum og yngri bróðir minn, Knútur, er einn af þremur eigendum veitingastaðarins LeKock.“

Byrjaði að sauma því hún fann ekki vinnu við hæfi

Þegar kemur að vinnunni og fallegu fötunum, þá segir Katla að hún verði fermingarmamma í ár.

„Fatamerkið Volcano Design var stofnað árið 2008, korteri eftir að Guð átti að blessa Ísland, en það var alltaf gamall draumur að gerast fatahönnuður þótt ég hafi tekið BA-gráðuna sem innanhússhönnuður frá Barcelona á sínum tíma. Árið 2008 var ekki besta umhverfið fyrir nýútskrifaðan innanhússhönnuð, sem var blautur á bak við eyrun, svo ég byrjaði sjálf að rifja upp saumatakta á gamla „overlock“-vél frá ömmu. Það óx mun hraðar og meira en ég hefði nokkru sinni getað trúað svo sá rekstur tók hratt yfir og innanhússnámið var sett á hilluna,“ segir Katla og leggur áherslu á að námið hafi verið gott og nýst henni vel í gegnum tíðina.

Hvernig lýsir þú heimilinu þínu?

„Við keyptum íbúðina okkar í Mjósundi 16 í hjarta Hafnarfjarðar sumarið 2019 en húsið er byggt árið 1952. Við vildum halda í upp-runalega stílinn en blanda honum við nútímann.

Við tókum ansi mikið í gegn og breyttum skipulagi hæðarinnar í takt við þarfir okkar. Þvottahúsið er sem dæmi í kjallaranum og eldhúsið var aflokað í sér herbergi eins og tíðkaðist hér áður, en við nenntum ekki að labba út og hringinn í kringum húsið með þvottinn og lítið barn. Eins erum við frekar mik-

▶ SJÁ SÍÐU 6

Ljósmynd/María Krista Hreiðarsdóttir

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

Ingólfur Geir Gissurarson, Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðlari, 896 5222, ingolfur@valholl.is
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356, heidar@valholl.is
Hildur Harðardóttir, Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð, 897 1339, hildur@valholl.is
Snorri Snorrason, Löggiltur fasteignasali, 895 2115, snorri@valholl.is
Hólmfríður Björgvinsdóttir, Ritari, 588 4477, ritari@valholl.is
Hrafnhildur B. Baldursdóttir, Löggiltur fasteignasali BA í stjórnmálafræði, 862 1110, hrafnhildur@valholl.is
Pétur Steinar Jóhannsson, Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi, 893 4718, petur@valholl.is
Anna F. Gunnarsdóttir, Löggiltur fasteignasali Lista og innanhús Stílisti, 892 8778, anna@valholl.is
Sturla Pétursson, Löggiltur fasteignasali, 899 9083, sturla@valholl.is
Jónas H. Jónasson, Lögg. eignaskiptayfirlýsandi Aðstoðarmaður fasteignasala, 842 1520, jonas@valholl.is
Elín Viðarsdóttir, Löggiltur fasteignasali, 695 8905, elin@valholl.is

2015 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Hugurinn ber þig hálfa leið,
við sjáum um rest.

Fasteignasala Íslendinga á Spáni

Perla
Investments s.l
Since 2000

WWW.PERLAINVEST.COM

(0034) 96 676 5972 INFO@PERLAINVEST.COM

FYLGDU OKKUR Á INSTAGRAM & FACEBOOK PERLAINVEST PERLAINVEST



Katla lærði innanhússhönnun í Barcelona.

Fallegir litir í bland við litrík mynstur.

Heimilið er einstaklega fallegt þar sem gömlu er blandað saman við nýtt.

ið veislufólk og vildum við því stærra opið rými. Við breyttum gamla eldhúsinu í þvottahús og stórt og rúmgott baðherbergi, færðum eitt svefnherbergið, opnuðum baðið sem var frekar lítið og gerðum stærra opið rými að eldhúsi, borðstofu og stofu.“

Eldhúsið er einstaklega skemmtilegt.

„Það er reyndar ekki upprunalegt frá 1952, en þó nógu „retró“ og gamalt. Við heilluðumst af innréttingunni og fannst hún passa mjög vel. Við tókum hana í gegn þegar við færðum hana til á milli rýma. Þetta er sennilega með dýrari eldhúsinnréttingum landsins svona ef við hefðum greitt pabba fyrir alla vinnuna. Hann og mamma eiga inni matarboð fyrir lífstíð! Pabbi og Haukur maðurinn minn smíðuðu hana að miklu leyti upp á nýtt og þurftu að laga hana töluvert sem og breyta, til að láta hana passa á nýja staðinn. En það er magnað hvað efnið er oft margfalt betra í þessum gömlu innréttingum. Hilluefnið sem dæmi er mjög þunnur spónn en gríðarlega þéttur og sterkur og ber ógrynni af postulíni og það örlar ekki fyrir svignun. Maður sér eiginlega ekki svona þunnt hilluefni dag.

Okkur fannst því mjög gaman að gefa innréttingunni áframhaldandi líf, enda klassísk og tímalaus hönnun sem við elskum í ræmur.“

Safnar gömlu dóti í skrítna skápinn

Hvað með stofuna og aðra staði í húsinu?

„Stofan er ný og er með sambland af nýjum húsgögnum og gömlum. Við erum til dæmis með Radiogram, útvarpsmublu frá 1967, sem Hauki tókst að tengja við flatskjáinn okkar. Gólfefnin í alrýminu og í herbergjunum eru sterkar vínilflísar en með gamaldags terrazzo-lúkki. Sófaborðið er tekk en sófinn nýlegur úr IKEA. Við blöndum því gömlu og nýju saman. Svo er ég mikill safnari og safna alls konar gömlu dóti og heillast helst af furðulegum hlutum. Ég safna sem dæmi gömlum postulínsdúkkuhausum og er með þá í glerkúplum um alla stofu. Eins er ég að safna munum í skrítna skápinn minn, sem verður upplýstur fimm fermetra gler- og timburskápur á ganginum með samansafni af furðuhlutum, sem ég er nú þegar komin með ágætissafn í. Meðal annars loðinn hrútspung, gamla tanngóma, bæði notaða og tannlæknaafsteypur, nýrnasteina, gallsteina, kakkalakka frá Afríku og ég bíð ég eftir sendingu af lykkjum. Þetta er mjög skrítið áhugamál, ég geri mér grein fyrir því, en mér finnst þetta athyglisvert og þetta verður frábært umræðuefni í partýum. Mig dreymir um að eignast víbrator frá Viktoríutímabilinu og þá er hápunktinum líklega náð, þegar kemur að skápnum.“

Konur ættu að vera stoltar af því að sýna á sér magann á meðgöngunni ef marka má Kötlu sem er farin að bíða eftir fæðingu barnsins sem er væntanlegt í lok mánaðarins.

Ljósmynd/María Krista Hreiðarsdóttir

Bros fer aldrei úr tísku

Nú eru örugglega margir forvitnir þegar kemur að fataskápnum þínum, er hann ekki fullur af fatnaði?

„Jú algjörlega, í honum eru ósköp margar frumgerðir sem fylgir því að vera í eigin rekstri, því þá enda oft fyrstu tilraunirnar og svona hálfklárðar vörur heima, á meðan fullunnu vörurnar fara í sölu. En svo á ég reyndar ansi mikið af búningum líka enda hef ég unun af því að halda þemaboð. Búningaskápurinn kom sér til dæmis vel fyrir óléttu-myndatökuna.“

Besta ráðið til að líta vel út á meðgöngunni er að líða vel.

„Þegar konum líður vel þá líta þær best út, finnst mér, og er það alveg óháð því hvort þær eiga von á barni eða ekki. Því getur þægilegur undirfatnaður verið lykillinn, klæðileg snið sem henta vaxtarlagi hvers og eins og svo er bros eitthvað sem klæðir alla og fer aldrei úr tísku.“

Hvað er í tísku núna?

„Það er mjög margt í tísku núna en mér finnst við vera að sjá sterka og bjarta liti sem er spennandi og fríska ndi. Hversdagslegur töff fatnaður sem hentar bæði í vinnu en einnig á kvöldin með réttu fylgihlutunum, er einnig vinsæll núna.“

Ætlar að fæða heima og deila með fylgjendum

Katla er mikið fyrir páskana og finnst sú hátíð einna best, þar sem undirbúningur er í lágmarki og hvíldin í hámarki.

„Páskarnir eru vanalega besta frí ið.

Það er vanalega lítil sem engin pressa á okkur, engin gjafakaup og hefðir ekki eins höggnar í stein og þegar kemur að öðrum frídögum, sem þýðir að páskarnir eru bara alls konar og ég nýt páskanna vanalega í tætlur!

Þessir páskar verða svo alveg sérstaklega notalegir með glænýju barni í fanginu sem áætlað er að fæðist þann 30. mars.“

Katla er búin að vera með ratleik tvö ár í röð sem eru án endurgjalds á blogginu á síðu Systra & maka.

„Þetta er páskaeggjaratleikur með þrautum og vísum sem allir geta nýtt sér. Prentefnið er allt inni á síðunni og er auðvelt að útfæra á hvaða heimili sem er. Ratleikir eru mjög skemmtilegir fyrir bæði yngri sem eldri að spreyta sig á. Ég stefni að því að bæta við hann nokkrum vísbendingum í ár. Ótrúlegur fjöldi íslenskra heimila hefur tekið þátt og er alveg magnað að sjá hversu margir hafa sent mér myndir af súkkulaðisjúkum fórnarlömbum sem eru að verða gráhærðir í páskaeggjaleitinni minni.“ Þeir sem eru áhugasamir að vita meira um Kötlu geta fylgst með instagrammi Systra & maka, en þar deilir hún öllu um lífið og tilveruna, meira að segja heimafæðingunni sem hún er að undirbúa í lok mánaðarins.

HELGAFELL

FASTEIGNASALA

Samheldinn og traustur hópur fasteignasala

Fögnum nýrri og stærri aðstöðu
í Stórhöfða 33 Reykjavík

Alltaf heitt á könnunni

Það skiptir máli..

Helgafell fasteignasala, Stórhöfði 33, Sími 566 0000 • **www.helgafellfasteignasala.is**

Búin að hugsa breytingarnar á hverju kvöldi í nokkur ár

Ragna Sara Jónsdóttir er einstaklega smekkleg kona eins og sjá má á nýlegum breytingum sem farið var í á heimili fjölskyldunnar. Hún elskar að elda og nú er eldhúsið orðið hjarta heimilisins, þar sem allir eiga sinn stað og geta tekið þátt í eldamennskunni.

Elínrós Líndal | elinros@mbl.is

Ragna Sara Jónsdóttir, stofnandi og listrænn stjórnandi FÓLK Reykjavík, nýsköpunarfyrirtækis á sviði hönnunar og sjálfbærni, gerði nýverið upp eldhúsið og bauð Morgunblaðinu í heimsókn.

„Við búum í gömlu húsi í Vesturbæ Reykjavíkur og eldhúsið er búið að vera í mjög litlu L-laga herbergi sem skapaði enga sérstaka stemningu yfir eldamennskunni. Það var löngu kominn tími á að flytja eldhúsið inn í aðra stofuna og sameina rýmin í eitt alrými.“

Einfaldleiki og mínímalismi var ofarlega í huga við gerð þess.

„Við vildum hafa eldhúsið snyrtilegt og þannig að auðvelt væri að ganga frá í því, þar sem eldhúsið er samtengt stofunni.“

Eldhúsið er stílhreint og fallegt og vekur innréttingin sérstaka athygli.

„Innréttingin sjálf er úr IKEA, enda mikið úrval af innvolsi og skápum í „standard“ stærðum að finna þar. Skápahurðirnar létum við sérsmíða. Við ætluðum að kaupa tilbúnar sérsmíðaðar hurðir en það er orðið ansi gott úrval af slíku hjá Reform, &Shufl og fleirum. Við enduðum hins vegar á því að láta sérsmíða fyrir okkur.

Við hönnuðum útlitið sjálf í samstarfi við snillingana hjá Svansverki, við völdum ask, sem er lýstur til að koma í veg fyrir að hann gulni með tímanum.“

Ragna Sara fékk frábært fagfólk til að aðstoða sig við endurbætur á eldhúsinu. Sjálf lá hún lengi yfir teikningunum áður en hún fór af stað með breytingarnar.

Hefur tekið sér góðan tíma í að spá í hlutina

Upphaflega þegar Ragna Sara ætlaði að færa eldhúsið, sem var fyrir nokkrum árum, fékk hún bæði Ingibjörgu Agnesi Jónsdóttur arkitekt og Stáss arkitekta til að hanna það með sér.

„Í gegnum árin tóku hugmyndirnar svo nokkrum breytingum, ég valdi það besta frá þeim og mér, enda hafði ég nógan tíma til að hugsa þetta á hverju kvöldi í nokkur ár.“

Hvað lýsingu varðar þá fékk hún góða ráðgjöf frá fagfólkinu í Lumex.

„Við keyptum ljósin þar og erum virkilega ánægð með útkomuna.“

Það sem vekur athygli þegar inn í eldhúsið er komið eru allir fallegu aukahlutirnir sem setja sterkan svip á heildarútlitið.“

Hannaðir þú sjálf fylgihluti inn í eldhúsið?

„Þótt ég sé sjálf með ýmsar hugmyndir að nýrri hönnun þá fæ ég alltaf menntaða hönnuði til þess að hanna fyrir FÓLK. Það er frábært að eiga í slíku samstarfi enda eru þau öll sem ég hef unnið með fagmenn fram í fingurgóma. Ég elska að punta eldhúsið með vasanum sem hún Ragna Ragnarsdóttir hönnuður hannaði fyrir FÓLK. Það er sama hvað er sett í þennan vasa, greinar eða blóm, það verður allt fallegt. Ávaxtaskálin er úr sömu línu og hefur reynst mér mjög vel. Einnig nota ég mikið steinhlutina sem hún Ólína Rögnudóttir hannaði fyrir okkur en þeir eru svo frábærir af því að þeir hafa frekar einfalt „abstrakt“ útlit en má nota í svo margt, sem kertastjaka, blómavasa eða bara sem skraut, til að halda einhverju stöðugu eða sem hitaplatta. Síðan er dásamlegt að raða þeim saman og búa til sinn eigin heim á eldhúsborðinu með þeim. Við erum að koma með þessa nýju línu í verslanir á næstu dögum, en fyrri línan af Lifandi hlutum var úr marmara og látúni og hefur verið gríðarlega vinsæl hjá öllum aldurshópum.“

Hún notar mikið steinhlutina sem Ólína Rögnudóttir hannaði fyrir FÓLK. Hægt er að nota þá sem kertastjaka, blómavasa eða bara sem skraut.

Ragna Sara er með einfaldan og fallegan stíl eins og heimilið sýnir.

Byði einvörðungu upp á grænmeti

Hvað með borðlampa og annað skraut?

„Þar sem við erum með einfaldleikann að leiðarljósi í þessu eldhúsi þá er ekki mikið um aukahluti. Ég myndi gjarnan vilja hafa borðlampann sem hún Theodóra Alfreðsdóttir hannaði fyrir FÓLK hérna líka en hann er bara í stofunni í staðinn. Sama með Urban Nomad-vegghillurnar sem Jón Helgi Hólmgeirsson hannaði fyrir okkur, ég á eftir að setja eina slíka upp hérna í eldhúsinu.“

Nú eru margir að fjárfesta í fallegum hönnunarbollum og alls konar fágætum munum í eldhúsið, blanda saman gömlu og nýju og fleira í þeim dúr.

„Ég blanda einmitt saman gömlu og nýju, heimagerðu og keyptu, í raun alveg endalaust. Bollar sem dóttir mín gerði í keramik eru til dæmis kaffibollarnir okkar í bland við Iittala og Royal Copenhagen.“

Er eldhúsið nú orðið hjartað í húsinu?

„Eldhúsið og borðstofan eru algerlega hjartað í húsinu. Það er miklu skemmtilegra hjá okkur eftir að við gerðum þessa breytingu. Það er auðveldara að fleiri taki þátt í eldamennskunni eða séu að spjalla með skipulagið svona opið og eldhúseyju til að halla sér upp að.“

Rögnu Söru finnst mjög gaman að elda góðan mat og baka.

„Við hjónin skiptumst þó á í eldhúsinu og svo höfum við lagt okkur fram við að virkja krakkana okkar í að elda enda nauðsynlegt fyrir þau að kunna að bjarga sér við eldamennskuna sem allra fyrst.

Ef ég mætti ráða væri bara grænmeti í matinn en strákarnir á heimilinu eru ekki til í það, svo það er blanda af báðu í boði.“

Gerðu nýjar svalir við eldhúsið

Ertu farin að hlakka til sumarsins og hvernig verður eldhúsið nýtt á þeim árstíma?

„Um leið og við færðum eldhúsið gerðum við svalir og getum ekki beðið eftir að prófa að vera hér fyrsta sumarið okkar með svalir út úr eldhúsinu.“

Sú uppskriftabók sem Ragna Sara notar mest heitir Himneskt að njóta eftir Sollu Eiríks matarhönnuð.

„Það er algerlega frábær bók sem ljúft er að grípa niður í hvort sem þarf að elda kvöldmat, gera kryddblöndur eða fáránlega góðan ístatté.

Annars er víetnamskur matur í algeru uppáhaldi hjá mér. Við fjölskyldan fórum til Víetnam

„Það er sama hvað er sett í þennan vasa, greinar eða blóm, það verður allt fallegt,“ segir Ragna Sara um vasann sem Ragna Ragnarsdóttir hönnuður hannaði fyrir FÓLK.

Hver hlutur inni á heimilinu er valinn með það í huga að hann endist og sé umhverfisvænn.

Innréttingarnar í eldhúsinu eru úr IKEA. Skápahurðirnar eru sérsmíðaðar og var útlitið hannað í samstarfi við Svansverk. Efnið í hurðunum er askur, sem hefur verið lýstur.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

fyrir nokkrum árum og lærðum meðal annars að elda víetnamskan mat. Ég reyni að halda þeirri þekkingu við þegar ég get og það hefur verið frábært að hafa víetnamskan markað í bænum til að kaupa inn fersku kryddjurtirnar sem vantar.“

Hvað með eftirrétti?

„Eftirréttir eru dásamlegir en yfirleitt eru dagarnir svo pakkaðir að ég næ ekki að gera eftirrétt líka svona hversdags. Mér finnst eins og mig vanti smá innblástur akkúrat núna að hollum eftirréttum, svo ef einhver lumar á góðum ráðum þar væri það vel þegið.“

Það er áhugavert að fylgjast með íslenskum hönnunarfyrirtækjum blómstra í dag.

„Við hjá FÓLK Reykjavík erum á fullu þessa dagana við að undirbúa sýningahald vorsins. Við munum taka þátt í HönnunarMars sem haldinn verður í byrjun maí í sýningarrými okkar á Hafnartorgi. Síðan förum við beint til Kaupmannahafnar þar sem við tökum þátt í hönnunarsýningunni 3 Days of Design sem haldin verður um miðjan júní. Þannig að það eru spennandi tímar fram undan.“

Ending hluta skiptir máli

Heimurinn er á fleygiferð við að reyna að finna út úr þeim vandamálum sem við mannfólkið höfum sjálf skapað okkur.

„Það er dót og hráefni að hrúgast upp víða þar sem hlutir hafa ekki verið hannaðir fyrir hringrás hingað til. Vegna þess er staðan sú að það er mjög lítið hægt að gera við þessa hluti eftir að líftíma þeirra lýkur annað en að grafa þá í landfyllingar eða brenna með tilheyrandi mengun. Verkefnið okkar er að hanna annars vegar úr þessum úrgangshráefnum og höfum við gert til dæmis hliðarborð og hillu úr endurunnum textíl, kertastjaka úr beygluðum stuðurum og púða úr loftpúðum úr bílum. Hins vegar hönnum við úr náttúrulegum hráefnum og pössum að hlutirnir sem við gerum endist lengi og hægt sé að endurnýta eða endurvinna þá að loknum líftíma þeirra. Með þessu móti komumst við vonandi út úr þessu „einnota“ tímabili sem heimurinn og neysla okkar hefur verið í undanfarna áratugi og betur áleiðis í átt að hringrás allra hráefna.“

Eldhúsið var flutt inn í aðra stofuna, svo það væri opnara og myndi laða allt heimilisfólkið til sín.

Hver einasti hlutur á sinn fallega stað á heimilinu. Hér gefur að líta dásamlegan lampa úr FÓLK sem getur verið ýmist inni í stofu eða í eldhúsinu.

Nú er notast meira við nærmyndir en áður, sem skapar vissa stemningu en sýna kannski ekki eignina sem slíka.



„Fólk er að sýna heimili sitt á netinu og fyrir flesta þá skiptir máli að það sé sýnt í sínu besta ljósi," segir Vignir.

Myndirnar eru langbesta og mikilvægasta tólið til að vekja athygli á eigninni og hjálpa gríðarlega við söluna að mati Vignis.

Undirbúningur skiptir öllu máli

Vignir Már Garðarsson rekur fyrirtækið Fasteignaljósmyndun.is. Hann segir að markaðssetning á fasteignum hafi tekið miklum breytingum eftir að netið yfirtók allt. Hann segir að fólk þurfi að undirbúa sig vel áður en það setur eign sína á sölu.

Marta María Winkel Jónasdóttir | mm@mbl.is

Vigni finnst skemmtilegast að mynda gamlar eignir eins og finnast helst í miðbænum.

Það kemur einfaldlega til vegna áhuga á ljósmyndun. Ég var búinn að mynda mér til ánægju í nokkur ár þegar mér datt í hug að sameina áhugamál og atvinnu og tók þá að mér að mynda eignir við og við samhliða annarri vinnu. Þetta vatt svo bara upp á sig og það kom að því að ég fór algerlega út í fasteignaljósmyndun," segir Vignir, spurður um hvernig þetta hafi allt saman byrjað. Í dag er mikið að gera hjá honum og segir hann að þetta hafi byrjað þannig að fasteignasalar hafi samband en í dag sé þetta oft þannig að kúnninn hafi samband sjálfur.

Hvað skiptir máli þegar eign er mynduð?

„Undirbúningur. Við erum með góðan lista sem ég reyni að koma á sem flesta áður en kemur að myndatöku. Fólk tekur þá það fyrir af listanum sem þeim finnst skipta máli, en það er misjafnt hve mikið fólk er til í að leggja á sig við að undirbúa fyrir myndatökuna og oft er lítill tími til stefnu. Ég hef oft sagt að sá tími sem lagður er í undirbúninginn sé líklega besta tímakaup sem flestir hafa á ævinni. Með því á ég við að ef myndirnar koma vel út og eignin vekur eftirtekt, þá verður meiri eftirspurn og þá fæst hærra verð. Það þarf ekki að fara í stórar breytingar eða framkvæmdir heldur snýst þetta oftast um að létta á rýmum þannig að sá sem skoðar geti einbeitt sér að eigninni en ekki óþarfa dóti sem dregur athyglina að sér. Við myndatökuna sjálfa fáum við einnig að færa til hluti ef það kemur betur út. Svo eru það bara sjálfsögð atriði eins og að hafa hreint, umbúin rúm og þess háttar.

Fasteignamyndatökur fyrir sölu eiga að laða að kaupendur og því þurfa myndirnar að vera lýsandi fyrir eignina ásamt því að vekja athygli. Okkar hlutverk er að ná að sýna þau atriði sem skipta máli og kannski án þess að hafa myndirnar of margar heldur. Við leggjum áherslu á að reyna að sýna skipulag eignarinnar eins og hægt er og láta hluti eins og útsýni njóta sín ef það er til staðar."

Hvað á fólk alls ekki að gera fyrir fasteignamyndatöku?

„Ég mæli bara með því að fólk undirbúi eignina eins vel og mögulegt er áður en við mætum á staðinn til að mynda því þannig næst besta útkoman. Fjarlægja það sem þarf og jafnvel nota eitt herbergið fyrir dót sem ekki á að vera á myndunum og við endum þá á að mynda það rými. Þannig getum við myndað í allar áttir sem þarf og getum sýnt skipulagið vel."

Hvernig eignir finnst þér sjálfum skemmtilegast að mynda?

„Mér finnst skemmtilegast að mynda gamlar eignir eins og finnast helst í miðbænum.

Reisuleg flott hús á nokkrum hæðum, hvort sem þau eru upprunaleg eða jafnvel alveg uppgerð.

Ef eignin er upprunleg og eigandi jafnvel búinn að búa þar í tugi ára skapast viss karakter sem gaman er að festa á mynd. Einnig er mjög gaman að koma í eignir þar sem mikið hefur verið hugsað út í hönnun, skipulag og innbú og fá að reyna sig við að ná sem fallegustum myndum.

Svo annað sem mér dettur í hug eru sumarhús eða bæir á fallegum stöðum þar sem umhverfið skiptir líka máli því þá er gaman að geta sett drónann á loft."

Eru fasteignamyndatökur að breytast eitthvað?

„Já, og markaðssetning fasteigna almennt. Gott markaðsefni fyrir sölu þykir orðið mikilvægara en það var finnst mér. Það sem hefur helst breyst síðustu árin í myndatökum er að við tökum það sem við köllum gjarnan stemningarmyndir sem má hafa með sölumyndunum. Þessar myndir eru meira nærmyndir sem skapa vissa stemningu en sýna kannski ekki eignina sem slíka. Svona myndir eins og sjást gjarnan í Hús og híbýli. Við reynum, þegar eignin býður upp á það að taka þannig myndir til að hafa með.

Þá er algengara að fólk fái einnig loftmyndir sem við tökum með dróna sem sýna þá umhverfi eignarinnar og gefa skemmtilega öðruvísi sýn.

Svo er ég mjög ánægður með þá þróun að setja upp sérstakar sýningaríbúðir í nýbyggingum þar sem íbúðin er fullbúin með gólfefnum og húsgögnum því það er frekar erfitt að átta sig á stærðum og að sjá fyrir sér skipulag þegar eignir eru myndaðar tómar. Þá er einnig hægt að setja inn húsgögn og muni með svokallaðri þrívíddarsviðsetningu, en þá eru sett húsgögn í eignir sem voru myndaðar tómar með tölvuvinnslu og þetta hefur verið notað meira að undanförnu."

Það er ekki svo langt síðan fasteignasalinn myndaði eignirnar. Hvað breyttist?

„Fólk er náttúrlega að sýna heimili sitt á netinu og fyrir flesta skiptir það nú máli að það sé sýnt í sínu besta ljósi. Ég sá það fljótt að oft kom krafan um góðar myndir frá eigandanum og einnig sáu fasteignasalarnir að þær eignir sem voru myndaðar vel seldust fyrr og oft á betra verði. Ég hef svo oft heyrt, og hef sérstaklega gaman af sögum frá fasteignasölum um eignir sem höfðu verið lengi á sölu með slæmum myndum sem svo seldust strax og við vorum fengin til að mynda án þess að það þyrfti eitthvað að breyta verði. Þetta skiptir svo ótrúlega miklu máli."

Ertu með einhver góð ráð ef fólk hyggst selja fasteign sína?

„Já, klárlega að huga vel að markaðsmálunum. Fá góðar myndir til að kynna eignina fyrir markaðnum. Myndirnar eru langbesta og mikilvægasta tólið til að vekja athygli á eigninni og hjálpa gríðarlega við söluna. Þær eru það fyrsta sem fólk sér, það skoðar þær og myndar sér strax skoðun á eigninni áður en það ákveður að lesa lýsingu. Fólk er ótrúlega fljótt að ákveða hvort eignin sé eitthvað sem hentar þeim út frá myndum og útilokar jafnvel fínar eignir sem eru ekki kynntar nægilega vel, allt út frá myndunum."

Brynhildur Sólveigardóttir
— Arkitekt FAÍ

Hafsteinn Júlíusson
— Innanhússhönnuður

Ingi Már Helgason
— Lýsingarráðgjafi

Berglind Berndsen
— Innanhússarkitekt

RE/MAX VEITIR HOLLRÁÐ Í HÖNNUN

„Oft er gott að fylgja arkitektúr hússins og átta sig á formi, stærð og lögun til að taka ákvarðanir út frá því.“

RE/MAX | VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG remax.is/hollrad

Margrét Dagbjört Flygenring Pétursdóttir býr ásamt fjölskyldu sinni í fallegri íbúð á Miðbraut á Seltjarnarnesi.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Listunnendur á Seltjarnarnesi

Margrét Dagbjört Flygenring Pétursdóttir býr ásamt manni sínum og sonum í bjartri og fallegri íbúð á Melabraut á Seltjarnarnesi í húsi sem byggt var árið 2020. Stíllinn á heimilinu er bæði stílhreinn og hlýlegur. Margrét hefur alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og leggur mikið upp úr því að hönnun, notagildi og persónulegur stíll fari saman.

María Margrét Jóhannsdóttir | mariamargret@mbl.is

Við fluttum inn síðastliðið vor en húsið var byggt árið 2020. Það heillaði okkur mikið að komast í nýbyggingu í grónu hverfi. Við erum lítið framkvæmdafólk og því hentaði ansi vel að allt var nýtt og ekkert viðhald eða breytingar fram undan. Helsti kostur íbúðarinnar er að hún er mjög vel skipulögð og hentar okkur fjölskyldunni vel. Öll herbergi eru björt og lítið um rými sem nýtast illa," segir Margrét.

Ekkert sem þurfti að gera

„Þar sem þetta er nýbygging var í raun ekkert sem þurfti að gera. Við fengum að hafa puttana í vali á innréttingum, flísum og gólfefnum svo okkar stíll nær vel í gegn. Sem dæmi má nefna að búið var að ákveða hvítt eldhús og fataskápa og klassísk hvít og grá baðherbergi. Ég fékk tækifæri til að breyta því öllu og erum við til dæmis með svartar innréttingar og gestabaðið er allt svart, líka klósettið, sem kemur sumum gestum skemmtilega á óvart. Það heppnaðist fullkomlega að mínu mati og er alveg eins og ég sá það fyrir mér. Það var því allt klárt þegar við fluttum inn, sem var mjög þægilegt. Okkar verkefni var bara að gera þetta heimilislegt og kósí," segir Margrét. Spurð um ókostina nefnir Margrét „lognið" á Nesinu. „Lognið ferðast oftar en ekki hratt um á Nesinu og því nýtast svalirnar færri daga á ári en maður myndi annars vilja. Þær stækka þó stofuna og setja mikinn svip á efri hæðina. Þá daga sem veðurguðirnir eru góðir við okkur eru þær algjörlega geggjaðar og við munum sakna þeirra mikið þegar við flytjum," segir Margrét en fjölskyldan ætlar að stækka við sig og hefur fjárfest í raðhúsi annars staðar á Seltjarnarnesi.

Gaman að halda veislur

Á efri hæðinni eru stofan og eldhúsið í einu opnu rými. Þar safnast allir saman að loknum vinnudegi og eiga sínar bestu stundir. „Efri hæðin er í miklu uppáhaldi og þá sérstaklega eldhúseyjan. Okkur finnst gaman að halda góðar veislur og ég elska að stofan og eldhúsið séu eitt opið rými. Þannig er lítið mál að vera að stússa í eldhúsinu á meðan maður spjallar við gestina eða græja matinn á meðan strákarnir sitja hjá manni. Eyjan er klárlega best nýtta svæði heimilisins."

Hafa fest rætur á Nesinu

Fjölskyldan hefur tekið miklu ástfóstri við Seltjarnarnesið. „Staðsetningin er frábær og í raun fullkomin fyrir okkur fjölskylduna sem höfum fest rætur á Nesinu og viljum hvergi annars staðar vera. Hér erum við örstutt frá skóla, leikskóla og íþróttahúsinu, sem hentar vel fyrir krakkana. Við erum með opin svæði og fjöruna í nokkurra mínútna fjarlægð, sem gerir mjög mikið fyrir okkur. Það er líka eitthvað ólýsanlegt við það að hafa allt þetta útsýni, vera nálægt sjónum og sjá Bessastaði, Gróttuvitann, Snæfellsjökul og Esjuna alla daga."

Hrifin af klassískri hönnun

Margrét og Jóhann hafa náð að skapa hlýlegt heimili sem er á sama tíma afar stílhreint. Hver hlutur hefur sitt hlutverk og lítið er um óþarfa muni.

„Við erum með frekar svipaðan smekk. Erum bæði hrifin af klassískum húsgögnum sem auðvelt er að poppa upp með smáhlutum, listaverkum, blómum og öðru slíku. Hlutirnir á heimilinu hafa flestir sitt hlutverk eða notagildi en við erum lítið að hlaða inn dóti að óþörfu. Mér finnst gaman að skoða fallegar hönnunarvörur, spá í innanhússhönnun, og hef gert frá því ég var lítil stelpa. Það er þó fátt sem heillar mig minna en heimili sem hafa engan persónulegan stíl. Fallegir hönnunarmunir einir og sér eru ekki nóg að mínu mati," segir Margrét en hún mælir með að fólk fylgi sínum persónulega stíl og hugsi um hvort hlutirnir henti heimilisfólkinu.

Safna listaverkum

Ljóst er að heimilismenn eru afar listelskir enda falleg listaverk áberandi á heimilinu. „Ég elska falleg málverk enda alin upp af listmálara og miklum fagurkerum. Mér finnst til dæmis fossamyndin eftir pabba alltaf jafn falleg en hana fékk maðurinn minn í útskriftargjöf fyrir mörgum árum. Svo get ég ekki hætt að dást að myndunum eftir Rakel Tomas sem maðurinn minn gaf mér í afmælisgjöf í nóvember. Ég ætlaði mér alltaf að eignast verk eftir hana eftir að við fórum á sýninguna hennar síðasta haust og var ítrekað að senda henni skilaboð. Maðurinn minn var þá búinn að sérpanta þessi verk og bað hana vinsamlegast að vera ekkert að svara mér. Þau setja sinn svip á stofuna og vekja athygli allra sem koma í heimsókn. Við höfum svo á undanförnum árum verið að kaupa okkur nokkur skemmtileg listaverk eftir íslenska unga listamenn sem poppa upp heimilið."

Margrét og Jóhann eiga tvo syni.

Barnaherbergin eru björt og falleg.

Margrét og Jóhann þurftu að gera lítið fyrir íbúðina þegar þau keyptu hana.

Margrét og Jóhann völdu svarta innréttingu í eldhúsið og á gestasalernið.

Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf.

Efri hæðin er í uppáhaldi hjá fjölskyldunni.

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250 fjarfesting.is

Við getum aðstoðað þig

Óskar Þór Hilmarsson
Framkvæmdastjóri/
Löggiltur fasteignasali
Sími 822 8750
oskar@fjarfesting.is

Hilmar Óskarsson
Stjórnarformaður
Sími 896 8750
hilmar@fjarfesting.is

Guðjón Sigurjónsson
Rekstrarfr./
Löggiltur fasteignasali
Sími 846 1511
gudjon@fjarfesting.is

Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 846 1511
gudjon@fjarfesting.is

Smári Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 1362
smari@fjarfesting.is

Hildur Edda Gunnarsdóttir
Lögfræðingur/lögg.fs.
Sími 661 0804
hildur@fjarfesting.is

Edda Svavarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 845 0425
edda@fjarfesting.is

Guðmundur H. Valtýsson
Viðskiptafr./
Löggiltur fasteignasali
Sími 865 3022
gudmundur@fjarfesting.is

Vantar allar eignir á skrá

Vönduð vinnubrögð

Toppþjónusta

Vinsælt að gera upp gamlar úr– eltar byggingar

Ef það er eitthvað sem arkitektar gera betur en aðrir er það að raða saman áhugaverðum húsgögnum, list, formum og litum. Stofan hans Þorsteins ber merki um þetta.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Þorsteinn Helgason fjöllistamaður blandar reynslu sinni úr arkitektúr, myndlist og tónlist saman á áhugaverðan hátt. Hann þorir að eltast við drauma sína og er áhugavert að skyggnast inn í hugarheim manns sem sér list í svo mörgu.

Elínrós Líndal | elinros@mbl.is

Arkitektúr og myndlist hafa átt hug minn allan síðustu áratugi, í bland við tónlistina en nú upp á síðkastið hefur golfið einnig sótt á mig, enda er það mjög gott jóga því hugurinn leitar ekki annað á meðan maður spilar íþróttina.“

Þorsteinn Helgason arkitekt er meðeigandi að Ask arkitektum.

Blómin fara einstaklega vel með fallegu málverkunum á veggjum heimilisins.

Flygillinn stendur í stofunni, en Þorsteinn semur tónlist og spilar reglulega fyrir fjölskylduna og gesti.

Hjónin búa í húsi með mörgum herbergjum, sem hentaði vel þegar krakkarnir voru heima.

Þorsteinn hefur náð góðum árangri í starfi sínu í gegnum árin. Hann er meðeigandi að Ask arkitektum og svo hafa málverkin hans ekki síður vakið athygli.

„Ég er ástríðumálari og eru verkin mín abstrakt verk með áherslu á flæði, bæði í pensilskrift og mynduppbyggingu með ágengum litasamsetningum.

Ég hef alltaf teiknað og litað mikið. Í barnaskóla var ég með Sigfús Halldósson, tónskáld og listmálara, sem kennara sem hefur án efa haft mikil áhrif á mig.

Á Listakademíunni í arkitektanáminu var allt handteiknað, enda voru þá engar tölvur mættar til leiks. Þá tók ég töluvert af Kroki-teiknikúrsum og fríhendisteikningu. Þegar ég kom heim sótti ég mörg námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og svo var ég eitt ár gestanemandi í Myndlista- og handíðaskólanum meðal annars hjá Kristjáni Davíðssyni, Hafsteini Austmann og fleiri snillinum. Ég man sérstaklega eftir að Kristján sagði að til þess að verða góður abstrakt málari þyrfti maður að vera góður í nákvæmnisteikningu. Ég held það sé rétt.“

Heimilið breytist með árunum

Þorsteinn hefur í rúm tuttugu ár búið í fallegu raðhúsi í Fossvoginum.

„Áður bjuggum við í Hlíðunum í þéttara borgarumhverfi. Raðhúsið okkar er í góðum tengslum við garðinn og náttúruna, en þó er mjög stutt í alla þjónustu.

Við búum í pallahúsi með mörgum herbergjum, sem hentaði vel þegar krakkarnir voru heima. Nú fer mjög vel um okkur hjónin og höfum við gott pláss til að sinna áhugamálunum okkar.“

Þorsteinn á þrjár dætur með eiginkonu sinni, Jónínu Árndísi Steingrímsdóttur hjúkrunarfræðingi, og hafa þau í gegnum árin lagt áherslu á að umhverfið í kringum fjölskylduna sé bæði jákvætt og listhvetjandi.

„Að mínu mati þarf þó að vera þetta hárfína jafnvægi á milli þess að umhverfið hafi örvandi áhrif á okkur mannfólkið, sé skapandi og jafnframt þarf að vera möguleiki að leita í næði við störf sem krefjast einbeitingar, sérstaklega á þessum nýju tímum með opin vinnurými og fjarfundi.“

Nú í tísku að líta meira inn á við

Arkitektastarfið er mjög gefandi að mati Þorsteins.

„Sérstaklega sá hluti sem ég hef fengist hvað mest við síðustu árin, sem er skipulag nýrra hverfa eins og Ártúnshöfða, Kirkjusands, Skerjafjarðar og fleiri, sem öll verða svo tengd saman með hraðtengingu í samgöngum. Það er mikilvægt að þetta takist vel til og að höfuðborgarsvæðið virki sem ein vel smurð vél, bæði hvað varðar þjónustuna og samgöngur, en einnig með hlýleika í fyrirrúmi.“

Hvað er það nýjasta í hönnun og arkitektúr?

„Þegar ég lít yfir ferilinn, sem spannar ein þrjátíu ár, þá hef ég upplifað ýmsar stefnur og strauma. Sumt er orðið sígilt, annað ekki, eins og gengur. Þegar ég kom heim frá námi var enn verið að byggja upp úthverfi. Við unnum meðal annars samkeppni um skipulag Fífuhvammslands, Grafarholts og Blikastaðalands og fleira, en í dag er áherslan inn á við. Við erum að breyta gömlum verksmiðjusvæðum í blöndu af íbúðum og þjónustu, má þá nefna Skeifuna sem gott dæmi um það. Þetta myndi ég segja að væri það nýjasta. Ég hlakka til að geta farið að nota borgarlínuna eins og þegar ég bjó úti í Kaupmannahöfn á námsárunum og ég hoppaði hvenær sem ég vildi upp í strætó eða lest, þótt okkar verði að sjálfsögðu smærra í sniðum.“

Spurður hvernig íbúðir einhleypir karlmenn velja sér í dag og hvernig þær hafa breyst í gegnum árin segir Þorsteinn mikla þörf fyrir einstaklingsíbúðir í nútímaþjóðfélagi.

„Það þykir eftirsóknarvert að hafa aukaherbergi í slíkum til að svara þörfinni fyrir hin ýmsu sambúðarform.“

Hægt að hafa alls konar áhrif með listinni

Vinnan og áhugamálin snúast að mestu um sköpun sem Þorsteini finnst skemmtilegt.

„Það er erfitt að gera upp á milli, því það er eiginlega sama hvort ég er að mála, hanna eða búa til fallegt lag á flygilinn, þá er ég í flæðinu og þá líður mér hvað best.

Í arkitektafaginu hefur maður mikil áhrif á hegðun og líðan þúsunda einstaklinga og því mikilvægt að hönnun umhverfisins takist vel til. Það er líka notalegt að heyra fólk tala um hversu gott er að umgangast málverkin mín, hvernig ákveðin orka kemur frá þeim og hvernig guli liturinn virki svo örvandi. Svo þegar ég spila á flygilinn tek ég eftir hreyfingum fólks, sem dæmi hvernig löppin sveiflast og svo kannski smá klapp að lagi loknu. Allt er þetta endurgjöf sem gefur mér kraft til að sinna listinni áfram.“

Hvað varðar framtíðina er Þorsteinn fullur tilhlökkunar og vonast til að geta sinnt listinni enn þá meira.

„Það var einu sinni mæt kona sem sagði mér að ég væri eins og krakkarnir sem væru á fullu að æfa hinar ýmsu íþróttir, en gætu ekki valið á milli. Núna sé ég fyrir mér að eyða meiri tíma í að mála og að semja og spila tónlist og segi ég stundum í gríni að það þurfi ekki eins marga fundi til að fá þau mál samþykkt eins og í arkitektafaginu,“ segir Þorsteinn og bætir við „en í sannleika sagt þegar öllu eru á botninn hvolft þá er það fólkið mitt, fjölskyldan, sem skiptir mig mestu máli.“

spánar heimili

Þitt annað heimili

Einkakynning

Við tökum vel á móti þér
alla daga vikunnar

25. MARS - 1. APRÍL

www.spanarheimili.is/einkakynning

Erum staðsett í Firðinum Verslunarmiðstöð

FRÍAR SKOÐUNARFERÐIR

GOLFKLÚBBUR ÍSLENDINGA Á SPÁNI

GIS

Þeir sem kaupa eign í gegnum Spánarheimili fá allt að 55% afslátt af golfi á Spáni

Sími: 558 5858 | info@spanarheimili.is

Af hverju að flækja málin?

Heimahleðsla ON í áskrift - betra fyrir alla!

Með Heimahleðslu ON í áskrift greiðir þú lága upphæð mánaðarlega og hleður rafbílinn þinn áhyggjulaus. Settu Heimahleðslu ON á dagskrá á næsta húsfélagsfundi og leyfðu okkur að leysa úr flækjunni!

Nánari upplýsingar á **on.is/heimahledsla**

on Orka náttúrunnar